

Sp.

695. Þingsályktun

um undirbúning að söltun og niðursuðu síldar í stórum stíl fyrir Evrópumarkað.

(Afgreidd frá Sp. 16. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fá sem fyrst úr því skorið, hvort og að hve miklu leyti sé unnt að komast að samningum við alþjóðlegu hjálparstofnunina um kaup á íslenskum framleiðsluvörum, svo sem fiski og fiskafurðum, síld og kjöti umfram það, sem nú er selt á erlendum markaði. Fáist fastur grundvöllur með fyrirframsamningum eða hliðstæðum aðgerðum svo öruggum, að ráðlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir til aukinnar framleiðslu á slíkum vörum, er skorað á ríkisstjórnina að vinda bráðan bug að því að afla landinu þeirra tækja, umbúða og annars þess, er nauðsynlegt kann að þykja til aukinnar stórframleiðslu á sjávarafurðum og landbúnaðarvörum, og skipuleggja slíka framleiðslu á sem fljótastan og hentugastan hátt. Sér til ráðuneytis í þessum efnum, telur Alþingi æskilegt, að ríkisstjórnin hafi millipinganefnd í sjávarútvegs málum, Síldarútvegsnefnd, Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda.